

Stækkun á seiðaeldisstöð First Water að Öxnalæk, Hveragerðisbæ

Ákvörðun um matsskyldu

1 Inngangur

Þann 23. desember 2024 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá First Water hf. um stækkun á hrognaaðstöðu og lífmassaukningu í seiðaeldisstöð fyrirtækisins að Öxnalæk, Hveragerðisbæ, samkvæmt 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sbr. lið 10.20 og 13.02 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Hveragerðisbæjar, Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunar, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Matvælastofnunar og Umhverfis- og Orkustofnunar.

2 Gögn lögð fram

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Seiðaeldisstöðin að Öxnalæk, Hveragerðisbæ. Tilkynning til ákvörðunar um matsskyldu. First Water hf. Desember 2024.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Hveragerðisbæ dags. 18. febrúar 2025
- Fiskistofu dags. 4. febrúar 2025
- Hafrannsóknastofnun dags. 4. febrúar 2025
- Heilbrigðiseftirliti Suðurlands dags. 31. janúar 2025
- Matvælastofnun dags. 29. janúar 2025
- Umhverfis- og Orkustofnun dags. 3. febrúar 2025

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila 14. og 24. mars 2025.

3 Fyrirhuguð framkvæmd

First Water starfrækir seiðaeldisstöð á bökkum Varmár sunnan Þjóðveggar 1 hjá Hveragerði. Samkvæmt núgildandi starfsleyfi frá Umhverfistofnun er heimilt að framleiða allt að 100 tonn af laxa- eða bleikjuseiðum á ári til flutnings í aðrar fiskeldisstöðvar. Rekstrarleyfi stöðvarinnar sem útgefið er af Matvælastofnun gefur leyfi fyrir 100 tonnum af standandi hámarkslífmassa. Núverandi seiðaeldi mætti skipta í tvennt þar sem fiskur er alinn frá hrogni fram að bólusetningu innandyrá og frá bólusetningu til og með smoltun í útikerjum. Innandyrá eru ásamt hrognaskápum 27 ker sem samtals rúma um 420 m³. Útisvæði telur svo 7 ker í rekstri sem samtals rúma um 760 m³. Meðal vatnsnotkun er um 122 l/s. Frárennsli frá stöðinni fer í tromlusíu og setþró áður en því er veitt í Varmá.

Fyrirhuguð framkvæmd felst í stækkun á hrognaaðstöðu stöðvarinnar og aukningu lífmassa. Fyrirhugað er að auka klak úr hrognum, auka framleiðslu stöðvarinnar í 100 tonna standandi hámarkslífmassa á hverjum tíma. Við 100 tonna hámarkslífmassa fer framleiðsla stöðvarinnar úr 100 tonnum í 250 tonn. Til þess að stækka hrognaaðstöðu stöðvarinnar hefur verið hönnuð ný hrognamóttaka sem samanstendur af þremur samliggjandi gámum sem innihalda nauðsynlegan búnað svo sem hrognaskápa, loftara, síukerfi o.fl. Landsvæði sem nota á undir nýja hrognaaðstöðu



verður 8m x 20m, staðsett norðan við núverandi húsnæði. Gert er ráð fyrir að meðalvatnsnotkun verði 140 l/s eftir framleiðsluaukninguna. Nýja aðstaðan verður tengd við núverandi vatnslagnir sem liggja að hluta til á yfirborði. Því er ekki gert ráð fyrir lagningu nýrra inntakslagna eða neinu jarðraski vegna lagna. Það sama á við um affallslagnir en affall verður tengt við núverandi affall stöðvarinnar og mun því fara í gegnum núverandi síur og gildrur sem þegar eru til staðar. Þjappa þarf púða undir hrognagáma á svæði sem er innan athafnasvæðis stöðvarinnar og er nú þegar búið að raska.

4 Umhverfisáhrif

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum First Water og umsögnum umsagnaraðila.

Frárennsli og losun frá eldi

Í greinargerð First Water kemur fram að ekki sé gert ráð fyrir að fyrirhuguð framkvæmd raski lífríki eða umhverfi stöðvarinnar umfram það sem nú þegar sé gert. Seiðaðeldi fylgi ávallt lífrænn úrgangur í formi seyru, fóðurleifa og dauðfisks. Reiknað sé með að fóðurnotkun verði 1 kg af fóðri per 1 kg af fiski en félagið telji það þó rúmlega áætlað og stefnt sé að því að ná fram lægri fóðurstuðli. Daglega sé öll fóðurnotkun skráð í þar til gert skráningarforrit félagsins. Forritið haldi einnig utan um vöxt, afföll, fóðurstuðul, hitastig o.fl.. Helstu úrgangsefni sem laxeldi losi út í náttúruna séu kolefni, nitur og fosfór sem finna megji í laxafóðri.

Verði framleiðslu breytt svo að hámarkslífmassi miðist við 100 tonn í stað 100 tonna ársframleiðslu megji áætla að ársframleiðsla nemi um 250 tonnum. Árleg losun eftir stækkun sé áætluð 2,38 tonn af fosfór, 11,23 tonn af nitri og 31,25 tonn af heildarkolefni, en árið 2023 var losun á fosfór í viðtaka 7,7 kg fyrir hvert framleitt tonn og 51 kg af köfnunarefni fyrir hvert framleitt tonn á árinu.

Mest allur fiskur sem kunni að deyja í stöðinni muni renna um frárennsli í botni eldiskerja og safnast þar saman í sérstakan dauðfisk kassa. Starfsfólk stöðvarinnar sjái um að tæma alla kassana daglega ásamt því að háfa upp dauðfisk úr kari. Dauðfiski sé safnað saman í þar til gerða tanka og fluttur af svæðinu til urðunar á viðurkenndum urðunarstöðum eða nýttur í loðdýrafóður og muni því ekki hafa áhrif á umhverfi né lífríki á svæðinu. Áætlað sé að fyrir hver 100 tonn sem séu framleidd verði afföll um 0,4 tonn eða 0,4% af lífmassa.

Í gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að mikið innra og ytra eftirlit sé með rekstri seiðastöðva. Daglega sé skráð framleiðslumagn, afföll, fóðurgjöf, fóðurnýting og fóðurgerð. Magn og gerð hreinsiefna, sótthreinsiefna og lyfja sé einnig skráð í hvert skipti sem þau séu notuð. Skv. núgildandi starfsleyfi sé einnig krafa um mælingu á heildarfosfór, heildarköfnunarefni, svifögnum og TOC í frárennsli á þriggja ára fresti. Þessar mælingar hafi að eigin frumkvæði verið gerðar oftár undanfarin ár. Því til viðbótar séu hin ýmsu gildi mæld í eldisvökva og frárennsli.

Fram kemur að áður en núverandi rekstraraðili tók við eldinu hafi losun út í Varmá sennilega verið töluvert meiri en nú. Það sjáist til að mynda á því að veiði í Stöðvarhyl í Varmá sem staðsettur sé við útfall stöðvarinnar hafi hrunið. Þekkt sé að villtur fiskur safnist upp við útfall eldisstöðva og nýti sér fæði sem þar falli til. Með auknum hreinsibúnaði og betra aðhaldi í fóðrun, minnki losun frá eldi og fiskur safnist ekki upp í sama mæli í nágrenninu heldur leiti á aðrar fæðuslóðir í ánni. Eftir að komið var upp auknum hreinsibúnaði í eldisstöðina við ána hafi veiði í hylnum minnkað hratt og fiskurinn dreift sér á aðra staði í ánni.

Í umsögn Hafrannsóknastofnunar kemur fram að í viðauka V með tilkynningu séu sýndar niðurstöður efnagreininga frá Sýni ehf. sem sýni styrk P og T-total neðan við tromlusíu. Þær niðurstöður sýni að þar sé ofauðgað vatn miðað við reglugerð um varnir gegn mengun hafs og



stranda. Þar sé einnig mæling á ammóníaki í sýni sem safnað hafði verið ofan við útrennsli í Varmá sem þurfi að sannreyna hvort sé rétt.

Hafrannsóknastofnun bendir einnig á í umsögn sinni að mikilvægt sé að greina hver áætluð losun komi til með að verða eftir stækkun og hvort viðtakinn Varmá þoli þá aukningu. Miðað við gefnar forsendur sé reiknuð losun á N og P miðað við núverandi losun á P-total 460-730 tonn á ári og N-total 6.100-10.800 tonn á ári miðað við lágmarks og hámarks fódur og rennsli 122 l/s. Í útreikningum framkvæmdaraðila sé áætluð árleg losun á N og P eftir stækkun miðað við 250 tonna árlega framleiðslu miðað við 1:1, fódur: fiskur, 2,38 tonn P og 11,23 tonn N. Mikilvægt sé að yfirfara hvort þessir útreikningar standist.

Varmá sé undir álagi sem muni aukast með auknu álagi á viðtakann þegar framleiðsla verði aukin. Líta þurfi til samlegðaráhrifa frá annarri starfsemi því álag sé nú þegar á vatnshlotið þar sem eldisstöðvar í Ölfusi hafi verið stækkaðar á síðustu árum. Þá hafi íbúum á vatnasvæðinu fjölgað og hreinsibúnaður og fráveita í þannig ólagi að veiði í Varmá hafi verið stöðvuð vegna mengunar af völdum saurgerla. Þá vilji Hafrannsóknastofnun einnig benda á að verið sé að ala norskan kynbættan eldislax í eldisstöð með frárennsli til Varmár. Varmá sé innan eins stærsta vatnasvæðis landsins með stóra og náttúrulega laxastofna. Afar mikilvægt sé að koma í veg fyrir að fiskar sleppi sem valdið geti erfðablöndun. Hætta geti verið á seiðaleka þrátt fyrir mótvægisáðgerðir. Hafrannsóknastofnun telji að það þurfi að hafa í huga að um sé að ræða 2,5 falda aukningu á framleiðslu með frárennsli í viðkvæman viðtaka sem þegar sé undir álagi. Hafrannsóknastofnun telji að enn sé spurningum ósvarað sem raktar séu hér að framan. Þeim verði að svara betur og það verði best gert í formlegu mati á umhverfisáhrifum.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að hann sé ekki sammála því að styrkur P og N-total neðan við tromlusú sé yfir þeim mörkum sem skilgreind séu í reglugerð um varnir gegn mengun hafs og stranda. Það virðist sem Hafrannsóknastofnun miði við umhverfismörk í vötnum en í tilfelli Öxnalækjar sé viðtakinn á en ekki vatn. Skv. reglugerðinni séu umhverfismörk fyrir næringarefni/lífræn efni í ám önnur, en skv. þeim viðmiðum sé styrkur P og N-total undir umhverfismörkum fyrir næringarefnaauðgun og teljist því ekki ofauðgað. Einnig sé vert að benda á að skv. niðurstöðum mælinga sem komi fram í viðauka V með tilkynningunni sé vatn ofan við útfall stöðvarinnar töluvert næringarefnaauðugra en vatn neðan við útfallið. Öxnalækjarstöðin sé því í sumum tilvikum að skila næringarfátækara vatni út í viðtakan heldur en viðtakinn sjálfur.

Hvað varðar niðurstöður mælinga ofan við útrás á styrk ammóníaks geti félagið ekki sagt til um hvort um innsláttarvillu sé að ræða eða skakka mælingu. Hins vegar verði að teljast líklegt að hér sé um villu að ræða því ef skoðaðar séu mælingar sem framkvæmdaraðili lét gera tveimur mánuðum seinna sést að styrkur ammóníaks neðan við útrás mældist þá 0,11 mg/l en ekki 3,5 mg/l líkt og í fyrri mælingum. Það sama megi segja um N og P en N-total geti aldrei náð 10.800 tonnum á ári þegar áætluð framleiðsla og fódurnotkun er 250 tonn. Samkvæmt framleiðanda tromlusía, hreinsi núverandi tromla 61% af fastefnum, 69% af COD, 55% af N og 92% af P, vænta megi að ný tromla skili að lágmarki sama árangri.

Í umsögn Umhverfis- og orkustofnunar kemur fram að í eftirliti stofnunarinnar með núverandi starfsleyfi kom í ljós að efnalosun árið 2022 hafði verið talsvert yfir leyfilegum mörkum starfsleyfisins. Síðan þá hafi hreinsibúnaður verið bættur og mælingar frá 2023 gefi til kynna að losun sé ekki eins há. Umhverfis- og orkustofnun telji að með uppfærslu og stækkun á núverandi hreinsibúnaði og lækkuðum fódurstuðli eins og fjallað sé um í tilkynningarskýrslu megi koma í veg fyrir að efnalosun verði yfir mörkum. Í starfsleyfi verði rekstraraðila gert skylt að skila niðurstöðum mælinga til eftirlitsaðila. Einnig verði ákvæði um að stofnuninni sé skylt eða eftir atvikum heimilt að endurskoða starfsleyfið ef t.d. mengun verði meiri en búist hafi verið við.

Í umsögn Hveragerðisbæjar kemur fram að ákveðið ósamræmi sé á milli talna í töflu 7 í greinargerð og áætlaðrar losunar stöðvarinnar eftir stækkun. Áætlunin sé reiknuð út frá líkani á meðan taflan



sé reiknuð út frá grænu bókhaldi stöðvarinnar fyrir árið 2023. Ef þessar tölur úr bókhaldinu væru yfirfærðar á áætlaða stækkun yrði losun fosfórs lítilliga minni en losun niturs lítilliga meiri en þegar miðað sé við líkanið. Annað misræmi sjáist í tölum á magni á dauðfiski, en fyrirtækið geri ráð fyrir um 0,4% afföllum en skv. græna bókhaldinu frá árinu 2023 var dauðfiskur 61.332 kg. Hugsanlega sé þarna um að ræða innsláttarvillu en 61% afföll miðað við 100 tonna framleiðslu sé líklega ekki sjálfbær.

Sveitarfélagið bendir á að þegar horft sé til mælinga á affalli stöðvarinnar árið 2024 virðist efnafræðilegt ástand þess vel viðunandi. Það virðist vera sem svo að hin mikla þynning sem eigi sér stað á eldisvökvanum og mótvægisáðgerðir skili sínu. Það megi gera ráð fyrir að með auknum mótvægisáðgerðum samhliða fyrirhugaðri uppbyggingu að lífríki Varmár stafi lítil ógn af þeim næringarefnum sem verði til. Hveragerðisbær telji að framkvæmdin þurfi ekki að undirgangast mat á umhverfisáhrifum en leita ætti til Veiðifélags Varmár og Þorleifslækjar vegna þessa máls þar sem land- og veiðiréttareigendur eigi mikilla hagsmuna að gæta þegar komi að fiskeldi í Varmá.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að sú aðferð sem notast hafi verið við í útreikningum á framtíðar losun byggir á líkani norsku umhverfisverndarstofnunarinnar og sé aðeins til viðmiðunar. Aðferðin notast við meðaltals innihald niturs, fosfórs og kolefna í ýmsum fódurgerðum í Noregi. Mismunandi fódurgerðir hafi mismunandi uppbyggingu og þar af leiðandi mismunandi styrk niturs, fosfórs og kolefna. Þó mismunurinn ætti ekki að vera mikill. Það sem framkvæmdaraðili telji að mestu máli skipti sé að fyrir hendi sé vöktunaráætlun sem fylgist með losun í viðtaka. Þannig megi koma í veg fyrir að losun og magn efna í viðtaka fari yfir viðmiðunarmörk í starfsleyfi.

Einnig kemur fram í svari framkvæmdaraðila að þau taki undir að 61% afföll geti ekki talist sjálfbær en á því séu þó eðlilegar skýringar. Í grænu bókhaldi félagsins sé fiskur sem deyr aðeins flokkaður í einn flokk, dauðfisk. Í rekstri félagsins sé dauðfiskur þó flokkaður í drepinn fisk og dauðfisk og síðan í undirflokka. Dauðfiskur er fiskur sem drepst af óviðráðanlegum aðstæðum, en drepinn fiskur sé sá sem framkvæmdaraðili slátri af ýmsum ástæðum. Við rekstur seiðastöðva séu áætlanir gerðar að lágmarki 12 mánuði fram í tímann. Þannig taki félagið við fjölda hrognna í dag m.v. áætlaða seiðapörf áframeldis eftir 12 mánuði. Vegna tafa á framkvæmdum félagsins við Laxabraut í Ölfusi hafi seiðapörfin verið minni en gert hafi verið ráð fyrir í áætlunum. Það horfi þó til betri vegar og félagið geri ráð fyrir að taka næstu áframeldisker í notkun á öðrum ársfjórðungi 2025. Ekki sé til mjög virkur markaður fyrir seiði á landi og því hafi félagið verið í þeirri stöðu að þurfa að slátra stórum hluta framleiðslu Öxnalækjar sbr. grænt bókhald. Það sem komi fram í grænu bókhaldi félagsins sé því í raun mest allt slátraður fiskur en ekki dauðfiskur. Magn dauðfisks hafi hinsvegar ávallt haldist undir viðmiðunarmörkum félagsins.

Vatnsnotkun og vatnshlot

Í greinargerð First Water kemur fram að framkvæmdasvæðið sé innan straumvatnshlotsins Varmá (103-792-R), skv. vatnavefsjánni sé vistfræðilegt ástand þess skráð öflokkað og efnafræðilegt ástand gott. Allri fráveitu frá stöðinni sé veitt í ofangreint vatnshlot.

Aukin framleiðsla muni kalla á aukna ferskvatnspörf. Ekki sé gert ráð fyrir að fara í framkvæmdir vegna þess að núverandi vatnsveita stöðvarinnar muni anna aukinni framleiðslu. Vatnsveitan samanstandi af þremur brunnum sem staðsettir séu norðarlega í landi Öxnalækjar og fjórum brunnum sem staðsettir séu í landi Stóra-Saurbæjar sunnan við Öxnalæk. Bæði vatnsbólín tilheyri grunnvatnshloti 103-202-G. Skv. vatnavefsjánni sé bæði vistfræðilegt og efnafræðilegt ástand vatnshlotsins óþekkt.

Frá Saurbæ sé vatni dælt í brunn vestan við útiker á eldissvæði enda standi það vatnsból neðar í landi en seiðastöðin. Öxnalækjarból standi aftur á móti ofar í landi en seiðastöðin og allt vatn frá því bóli sé sjálfrennandi.



Meðalupptaka frá vatnsbólunum tveimur hafi verið samtals um 122 l/s. Áætlað sé að til þess að framleiðsla geti náð 100 tonna hámarkslífmassa af laxaseiðum þurfi um 140 l/s meðalrennsli af fersku vatni sem þýði aukning á u.þ.b. 20 l/s. Einnig verði vatnsnýtingin bætt til muna með því að koma fyrir þar til gerðum lofturum sem fjarlægja skaðleg gös fyrir seiðin úr eldisvökvum. Það sé ekki til staðar vatnsnýtingaleyfi fyrir stöðina fyrir aukinni vatnstöku en það verði sótt um það til Umhverfis- og orkustofnunar áður en til stækkunar á rekstri komi.

Í umsögn Umhverfis- og Orkustofnunar kemur fram að rekstraraðila verði gert að skila inn mati á áhrifum fyrirhugaðra breytinga á starfseminni á vatnshlotið Varmá þegar umsókn um breytingu á starfsleyfi berst. Að auki bendi stofnunin á að í starfsleyfi verði gerðar kröfur um að rekstraraðili vakti gæðapætti straumvatnshlotsins til að hægt verði að skera úr um álag starfseminnar á vatnshlotið og leggja mat á ástand þess. Komi í ljós að vatnshlotið uppfylli ekki umhverfismarkmið sem sett hafi verið fyrir það skuli rekstraraðili ráðast í aðgerðir til að draga úr álagi. Umhverfis- og orkustofnun bendi á þetta tiltekna vatnshlot hafi þau umhverfismarkmið að vera í a.m.k. góðu vistfræðilegu ástandi og góðu efnafræðilegu ástandi. Reksturinn megi ekki valda því að ástand vatnshlotsins hraki, hvorki tímabundið né varanlega.

Sleppi- og mengunarvarnir

Í greinargerð First Water kemur fram að til að fyrirbyggja sleppingu laxaseiða út í Varmá og út í villta náttúru sé allt vatn sem renni frá stöðunni leitt í gegnum sérútbúnað seiðagildrur sem staðsettar séu á mismunandi stöðum í stöðinni. Þrjár gildrur séu til staðar og hver gildra sé sniðin að þeirri stærð seiða sem um hana geti farið. Gildrurnar séu gerðar úr gataplötum með annars vegar 3 mm götum og hins vegar 5 mm götum. Að lokum renni affallsvatn í gegnum tromlusíu sem bæði síi fastar fóður- og seyrugagnir ásamt því að hindra för seiða út í viðtakann.

Seyra og fóðurleifar sem falli til séu leiddar með affallsvatni í tromlusíu sem sé staðsett á útisvæði. Seyra, fóðurleifar og aðrar fastar agnir sem séu hreinsaðar úr affallsvatninu sé safnað í niðurgrafinn settank á meðan hreinsuðu vatni sé veitt í setþró með gildru og þaðan renni það um yfirfall út í viðtaka.

Með aukinni framleiðslu fari efnainnihald viðtaka ekki upp fyrir skilgreind mörk í gildandi starfsleyfi stöðvarinnar. Vakni grunur um slíkt eða ef mælingar sýni að efnainnihald í viðtaka 1 m frá útrás fari upp fyrir áður nefnd mörk við aukna framleiðslu, mun framkvæmdaraðili fara í nauðsynlegar mótægisaðgerðir. Núverandi tromluþró, tromlugryfju og tromlusíu stöðvarinnar verði skipt út og stækkuð. Nú þegar hafi verið hafist handa við að hanna nýja tromlugryfju og þró til þess að stytta mögulegan hönnunar- og byggingartíma komi til þeirra framkvæmda. Framkvæmdaraðili hafi sett skriflegar verklagsreglur til að tryggja að viðbragðsáætlun slysasleppinga virki og sé í fullu samræmi við kröfur stjórnvalda.

Í umsögn Hafrannsóknastofnunar kemur fram að mikilvægt sé að fylgja því eftir hvort um sé að ræða fiska sem sækir í fóðurleifar við útfall stöðvarinnar eða fiska sem mögulega hafi sloppið úr eldisstöð í gegnum varnir. Mikilvægt sé að koma upp búnaði til að hindra að fiskar sleppi úr eldisstöðinni líkt og fram komi í tilkynningunni ekki síst þegar alinn sé upp kynbættur fiskur af norskum eldisstofni. Í Varmá hafi veiðst laxaseiði sem hafi greinst af hreinum norskum uppruna. Seiðin hafi verið veidd rétt neðan útfalls frá stöðinni að Öxnalæk. Ekki sé ljóst hvaðan þau hafi komið þar sem ekki hafi enn tekist að rekja uppruna þessara fiska. En þar sem um sé að ræða hreina norskættaða laxa hefði þurft hrygningu frá pari af norskum uppruna. Frekari rannsókn sé þörf til að greina uppruna þessara seiða.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að sú veiði í Stöðvarhyl sem vísað sé til í gögnunum hafi verið veiði á urriða, sjóbirting og staðbundinni bleikju en ekki veiði á laxi. Af því megi leiða að umræddir fiskar hafi verið að leita í fóðurleifar sem bárust frá stöðinni enda villtir. Það ástand sem lýst sé í gögnunum sé ekki viðvarandi lengur og lítið sé um fisk í Stöðvarhyl. Hér sé verið að vísa í ástand



sem var áður en framkvæmdaraðili gerði bætur á sleppivörnum og hreinsibúnaði og því sér framkvæmdaraðili ekki hvernig hægt sé að fylgja þessu frekar eftir. Seiðin sem Hafrannsóknastofnun vísi til voru veidd árið 2021 þ.e. fyrir endurbætur sem félagið réðist í á bæði hreinsibúnaði og sleppivörnum árið 2022 og 2023. Í dag séu fjórar sleppivarnir til að hindra sleppingar frá seiðahúsi og þrjár sleppivarnir til að hindra sleppingu frá útikerjum. Óvíst sé hvort umrædd seiði hafi sloppið úr seiðastöð framkvæmdaraðila en töluvert magn af seiðastöðvum sé á svæðinu sem skili útfalli sínu í viðtakann. Varmá sé á þessu svæði mjög slétt og lítið sem ekkert um flúðir eða gönguhindranir fyrir seiði sem eigi því auðvelt með að ferðast um svæðið. Hafi það hinsvegar gerst að umrædd seiði hafi sloppið frá Öxnalæk sé algerlega ljóst að það hafi gerst áður en framkvæmdaraðili fór í endurbætur. Stöðin hafi hlotið úttekt og samþykki Umhverfisstofnunar og Matvælastofnunar.

Sjúkdóma- og smitvarnir

Í greinargerð First Water kemur fram að öll seiði stöðvarinnar séu bólusettt. Bólusetning sé framkvæmd af viðurkenndum aðila og allt starfsfólk stöðvarinnar sé einnig kynnt fyrir undirbúningi og framkvæmd bólusetningar. Bóluefnið veiti virka vörn og dragi úr klínískum einkennum og dauða vegna kýlaveiki, hitraveiki, víbruveiki og vetrarsárum. Skilgreindar hafi verið smitvarnir og helstu hættur þegar komi að fiskisjúkdómum í eldisstöðvum. Aðgengi að stöðinni sé takmarkað og gestum eða starfsfólki sé meinaður aðgangur að stöðinni ef það hafi verið í öðrum fiskeldisstöðvum síðustu 48 tímana vegna hættu á fiskisjúkdómasmiti.

5 Skipulag og leyfi

Fram kemur í tilkynningu framkvæmdaraðila að á svæðinu hafi verið starfrækt fiskeldisstöð í rúm 50 ár eða frá 1972. Fyrirhuguð framkvæmd sé því ekki talin ný framkvæmd heldur stækkun á núverandi rekstri. Núverandi rekstur sé innan skipulags iðnaðarsvæðis skv. Aðalskipulagi Hveragerðisbæjar (Sjá Viðauka VI). Ekki sé í gildi deiliskipulag fyrir svæðið.

Skipulagsstofnun telur að þrátt fyrir að gefin hafi verið út leyfi fyrir stöðinni fyrir rúmum 50 árum á grunni þágildandi laga, sé æskilegt að gera breytingar á ákvæðum fyrir 12 í Aðalskipulagi Hveragerðisbæjar 2017-2029, þar sem settur væri skýr rammi utan um fyrirhugaða starfsemi, þar sem um er að ræða rúmlega tvöföldun á framleiðslumagni. Þá bendir stofnunin á að þrátt fyrir að fiskeldi hafi verið starfrækt á svæðinu í áratugi án þess að unnið hafi verið deiliskipulag fyrir svæðið, mælir stofnunin með því að unnið verði deiliskipulag fyrir svæðið þar sem gert er ráð fyrir framleiðslu á 250 tonnum af laxa- eða bleikjuseiðum á bökkum Varmár sem er svæði á náttúruuminjaskrá. Að öðrum kosti verði gefin út leyfi á grundvelli aðalskipulags og þá þurfa ákvæðin að vera skýr.

Framkvæmdin er háð starfsleyfi og nýtingarleyfi frá Umhverfis- og orkustofnun. Rekstrarleyfi þarf frá Matvælastofnun og framkvæmda- og byggingarleyfi frá Hveragerðisbæ. Framkvæmdin er einnig háð leyfi Fiskistofu skv. lögum um lax- og silungsveiði.

6 Niðurstaða

Um er að ræða framleiðsluaukningu í seiðaeldisstöð First Water að Öxnalæk, Hveragerðisbæ. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 19. gr. og lið 10.20 og lið 13.02 í 1. viðauka í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Eðli, staðsetning og eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi framkvæmdar, nýtingar náttúruauðlinda,



úrgangsmýndunar, mengunar og ónæðis, sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Einnig skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar og hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, svo sem með tilliti til landnotkunar, magns og getu náttúruauðlinda til endurnýjunar og verndarákvæða. Einnig ber að líta til álagspóls náttúrunnar og kjörlendis dýra sbr. 2. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Að endingu ber að skoða áhrif framkvæmdar í ljósi gerðar og eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdar, svo sem með tilliti til: umfangs, eðlis, styrks og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum, væntanlegs upphafs, tímalengdar, tíðni og afturkræfni áhrifa og möguleika á að draga úr áhrifum, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Fyrirhuguð stækkun seiðaeldisstöðvar First Water felur ekki í sér mikla uppbyggingu mannvirkja. Breytingarnar felast fyrst og fremst í mikilli framleiðsluaukningu frá því sem verið hefur, en um er að ræða 2,5 falda aukningu í framleiðslu sem mun auka álag á viðtaka fráveitunnar, Varmá. Vatnsnotkunin helst nær óbreytt með tilkomu nýrrar tækni í vatnsnýtingu og mun breytingin einungis auka grunnvatnsnotkun um u.þ.b. 20 l/s. Framkvæmdaraðili hefur ekki sótt um nýtingarleyfi fyrir vatnstöku stöðvarinnar fram að þessu og þarf því að sækja um slíkt leyfi til Umhverfis- og orkustofnunar áður en til stækkunar kemur. Framkvæmdasvæðinu hefur þegar verið raskað vegna seiðaeldisstöðvarinnar sem starfrækt er á svæðinu. Varmá og Ölfusforir eru á náttúruminjasrá og er Varmá m.a. talin hafa mikið vísindalegt gildi. Þá nýtur Varmá einnig hverfisverndar skv. aðalskipulagi Hveragerðisbæjar.

Samkvæmt ákvæðum laga um stjórn vatnamála er markmið þeirra að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögunum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtímavernd vatnsauðlindarinnar. Vistfræðilegt ástand lífríkis í vatnshloti getur verið mjög gott, gott, ekki viðunandi, slakt og lélegt. Gerð er sú krafa að öll vatnshlot skuli ávallt vera í a.m.k. góðu vistfræðilegu ástandi. Við framleiðsluaukninguna mun magn úrgangs og losun mengunarefna aukast töluvert. Viðtakinn, þ.e. vatnshlotið Varmá, er nú þegar undir álagi frá þéttbýlinu í Hveragerði og fiskeldi sem hefur farið vaxandi hin síðari ár. Líkt og Hafrannsóknastofnun hefur bent á þá er staða fráveitumála í Hveragerði með þeim hætti að hreinsistöð sveitarfélagsins ræður ekki við að hreinsa það skólp sem er veitt í hana og hefur þurft að stöðva veiði í Varmá vegna saurgerlamengunar. Vistfræðilegt ástand vatnshlotsins er óflokkað en efnafræðilegt ástand er skráð gott. Að mati Skipulagsstofnunar kallar umfang framleiðsluaukningarinnar og magn uppleystra næringarefna í fráveitu á nánari athugun. Horfa verður til þess að um er að ræða 2,5 falda framleiðsluaukningu með frárennsli í viðkvæman viðtaka sem er þegar undir álagi. Mikilvægt er að meta áhrif fyrirhugaðrar framleiðsluaukningar á vatnshlotið Varmá með áhrifamati og svara því hvort viðtakinn Varmá, þoli þá losun sem fylgir aukinni framleiðslu seiðaeldisstöðvarinnar.

Í umsögn Hafrannsóknastofnunar er bent á að verið sé að ala norskan kynbættan eldislax í eldisstöð með frárennsli til Varmár sem sé inni á einu stærsta vatnasvæði landsins með stóra náttúrulega laxastofna. Telur stofnunin að hætta geti verið á seiðaleka frá stöðinni þrátt fyrir mótvægisáðgerðir. Þá liggur fyrir að í Varmá hafa veiðst laxaseiði af hreinum norskum uppruna þó ekki hafi enn tekist að rekja uppruna þeirra. Skipulagsstofnun bendir á að samkvæmt nýlegri samantekt á slyasleppingum á laxi og regnbogasilungi úr eldi í Noregi tímabilið 2010-2018 voru skráð 17 tilvik slyasleppinga úr landeldi¹. Einnig má benda á að árið 2024 voru a.m.k. þrjú óhöpp tilkynnt til Matvælastofnunar í landeldisstöðvum hér á landi sem gætu hafa leitt til stroks². Með vísan til framanritaðs telur Skipulagsstofnun að hætta sé á slyasleppingum í landeldi þó svo þær séu búnar

¹ Causal analysis of escape of Atlantic salmon and rainbow trout from Norwegian fish farms during 2010–2018. Slóðin er: <https://www.sciencedirect.com/science/article/pii/S0044848620315684>

² Umsögn um tilkynningu til ákvörðunar um matsskyldu – Landeldi í Hvalfirði 14.000 tonna ársframleiðsla. MAST. 7. ágúst 2024. Slóðin er: https://assets.ctfassets.net/8k0h54kbe6bj/37dQRpBqrijl2Usf6T6JOJ/174099b6fc27df2ce8eaa570344734d1/Umsagnir_-_Aurora.pdf



sleppivörnum líkt og framkvæmdaraðili áformar. Telur Skipulagsstofnun því að ofangreind áform um framleiðsluaukningu á frjóum laxi geti haft neikvæð áhrif á villta laxastofna m.t.t. erfðablöndunar ef til þess kemur að norsk laxaseiði sleppi við eldi. Ljóst er að áhrif erfðablöndunar geta verið óafturkræf með tilheyrandi neikvæðum áhrifum á erfðafræðilega fjölbreytni í nærliggjandi ám. Bendir stofnunin í þessu samhengi á að atlantshafslax (*Salmo salar*) hefur frá árinu 2022 verið flokkaður sem tegund sem stendur frammi fyrir ógn „Near threatened“ á rauðum lista Alþjóða náttúruverndarsamtakanna (IUCN)³. Stofnunin telur að horfa verði til varúðarreglu laga um náttúruvernd sem kallar á nánari greiningu og mat á mögulegum slyasleppingum og áhrifum þeirra.

Skipulagsstofnun telur líkur á að fyrirhuguð stækkun á eldisstöðinni komi til með að valda því að gengið verði of nærri álagsþoli náttúrunnar. Að mati Skipulagsstofnunar kalla þættir sem falla undir eðli, staðsetningu og eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdarinnar á að framkvæmdin undirgangist mat á umhverfisáhrifum.

Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd kann að hafa umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Því skal framkvæmdin háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 30. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 22. maí 2025.

Reykjavík, 22. apríl 2025

Egill Þórarinnsson

Þórdís Stella Erlingsdóttir

³ The IUCN Red List of Threatened Species. Atlantic salmon. Slóðin er: <https://www.iucnredlist.org/species/19855/67373433>

